

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 11. mars 2021

Samantekt

Í neðangreindu erindi er óskað, fyrir hönd Orkuveitu Reykjavíkur, eftir leyfi umhverfis- og skipulagssviðs til að koma fyrir innsetningum fyrir almenning í Elliðaárhólma. Innsetningarnar nýtast bæði sem áningarstaðir og tækifæri til þess að fræða gesti, gangandi og nemendur um sögu skógarins og gæði hans.

Aðdragandi

Orkuveita Reykjavíkur boðaði í upphafi árs 2019 til samkeppni um sögu- og tækniþýningu í Elliðaárstöð og nærliggjandi húsum auk tengingar við útivistarsvæðið í Elliðaárdal. Markmiðið er að varpa ljósi á starfsemi OR og dótturfélaga í dalnum, fræða gesti um söguna og vísindin þar að baki, bæta aðstöðu á svæðinu og þar með upplifun fólks af þessum einstaka reit í borginni.

Veiturekstur á sér langa sögu og djúpar rætur í Elliðaárdal. Reykvíkingar sóttu sér drykkjarvatn í vatnsveituna í Elliðaárm í upphafi síðustu aldar og með stíflunni og rafstöðinni í Elliðaárdal var Reykjavík rafmagnsvædd fyrir rétt tæpri öld. Þá hefur hitaveitan í Elliðaárdal séð Reykvíkingum fyrir heitu vatni um áratugaskeið.

Hönnunarhópurinn Terta vann samkeppnina og hefur þróað hugmyndina áfram allt frá vorinu 2019. Framkvæmdir eru nú hafnar á reitnum og stefnt er að því að fyrstu tveimur fösum verkefnisins, sem hefur einfaldlega hlotið nafnið Elliðaárstöð, verði lokið síðsumars 2021. Þeir fela m.a. í sér endurnýjun á öllu yfirborði svæðisins, gerð leiksvæðis með rennandi vatni, torg með tjörn, auk þess að gera upp flest húsanna á svæðinu svo þau geti hýst litla sýningu auk kaffihúss.

Framsýni fyrri tíma og ósýnileg virkni veitukerfanna er innblástur og leiðarstef í öllu verkefninu. Hönnunin er látlaus og einföld, jafnvel heimilisleg, og lagt upp úr því að nýta til fullnustu það sem er fyrir á svæðinu. Litið er til þess að miðla á einfaldan en skýran hátt sögu, náttúru og hagnýtingu dalsins í sátt og samhljómi við fyrirliggjandi umhverfi og notkun dalsins. Þannig er búin til ný og dýpri tenging milli borgarbúa, svæðisins og sögunnar.

Skógræktin í Elliðaárdal


Eitt af aðalsmerkjum Elliðaáralsins er skógurinn sem veitir gestum dalsins skjól og býr til einstakan undraheim allan ársins hring. Það var skarpsýni rafmagnsstjórans Steingríms Jónssonar og konu hans Láru Árnadóttur í skógræktarmálum sem varð til þess að hólminn í Elliðaárdal, sem áður var hrjóstrugur, er nú orðinn að fallegum skógi með fjölbreyttu mannlífi í formi útivistar, fuglalífs og flóru. Þegar skógræktin

hófst 1951 var það starfsfólk Rafmagnsveitu Reykjavíkur sem fór saman og gróðursetti á hverju ári. Mikill félagsskapur var í kringum skógræktina og það eru til skemmtilegar heimildir sem sýna starfsfólkið allt saman, þrúðbúið við gróðursetningu. Þegar kvöldi tók var fagnað með dansi og góðum veigum.

Einn angi verkefnisins við Elliðaárstöð er að minna á þessa fallegu sögu með gerð nokkurra innsetninga. Til að auka fjölbreytnina í upplifun gesta og breikka skírskotun verkefnisins var völdum hönnuðum, öðrum en þeim sem höfðu sigræð hönnunarsamkeppni OR, boðið að borðinu. Innsetningunum er ætlað að búa til áhugaverða áningarstaði í árhólmanum sem mynda eins konar ramma til að eiga samverustund í og með náttúrunni og öðrum gestum dalsins og auka þannig upplifunargildi þess að heimsækja skóginn meðfram því að fræða gesti um sögu skógarins og þá staðreynd að hann er manngerður.

Hér á eftir fylgja upplýsingar um hverja og eina innsetningu auk korts sem sýnir tillögu að staðsetningu þeirra.

Með von um jákvæð viðbrögð,






fyrir hönd hönnunarhópsins Tertu
Atli Bollason

████████████████████
████████████████

Innsetningarnar

Stúdíó Flétta leggur til þrjá bekki úr stálrörum sem umfaðma drumba við stíga skógarins. Rörin vísa í senn til rótarkerfa trjáanna sem liggja þvers og kruss um hólmann en kallast einnig sterklega á við rör veitukerfanna. Bæði rótarkerfin og veitukerfin eru ósýnileg (neðanjarðar) en skipta þó öllu máli fyrir menn og tré. Stálrörin eru beygð með lífrænni hætti en rör í notkun og áhrifin eru að þau séu mitt á milli hins manngerða og náttúrunnar – alveg eins og skógurinn sjálfur sem er afsprengi mannanna og ræktaður á grunni hugmynda rafmagnsstjórans um mikilvægi þess að gefa aftur til náttúrunnar og hlúa að henni þegar við nýtum gæði hennar.



FLÉTTA



Sóley Práinsdóttir leggur til innsetningu sem segir staðfræðilega sögu hólmanes gegnum nokkur ólík lög efna. Fyrst rann hraunið sem myndaði hólmann, svo nam grasið land á hrauninu. Þegar Elliðaár voru virkjaðar með því að smíða stíflu sem veitti vatni um aðfallsrör niður Rafstöðvarveg og inn í rafstöðina, hófst rafmagnsvinnsla á svæðinu. Það var starfsfólk Rafmagnsveitu Reykjavíkur sem hóf skógræktina sem gat að lokum af sér skóginn. Þessir kaflar úr sögu hólmanes eru táknaðir með grágryti (hrauntungan), grasbing (graslendi), aðfallspípu (virkjun), trjából úr steini (skógrækt) og drumbi með steinhellu (skógurinn). Innsetningin myndar eins konar tímalínu úr efnum sem nýtist bæði til leikja, sem setrými og til fræðslu.



HRAUNTUNGAN



hrauntungan sem
myndaði hólmann
fyrir rúmlega 5
þúsund árum

Object:
„Byrjunarpunktur“ úr
grágrýti

GRASLENDI



tímabilið er þegar
graslendi óx á
hrauntunguna.

Object:
Hlaðinn/manngerður
sivalningslagaður hóll
úr torfi

VIRKJUN



maðurinn grípur inn
byrjar að framleiða
rafmagn á svæðinu

Object:
Endursmiði á gamla
aðfallsrörinu úr
upprunalegu timbri

SKÓGRÆKT



maðurinn gefur til
baka og byrjar að
rækta landið með
skógrækt, nú fyrir 70
árum,

Object:
„bolur“ úr grágrýti
sem með fræstum 70
áhringjum

SKÓGURINN



manngerð náttúra
gefur af sér trén og
skóginn

Object:
steingerð laufblöð
trjátegunda úr
skóginum ofan á
trjábol

Kristín María Sigurpórsdóttir og Friðrik Steinn Friðriksson leggja til innsetningu þar sem gestum er boðið að virða fuglalíf skógarins fyrir sér. Eins konar opnu búri er komið fyrir í skógarljóðri. Það dylur gesti nokkuð þannig að fuglar fælast síður. Skógargestir geta ýmist setið eða staðið í búrinu. Skammt frá er fuglabað sem lokkar fuglana að. Þar nærri er einnig hvelfdur spegill sem gefur aðra og óvænta sýn á lífríki skógarins en við eigum að venjast.


Kristín María Sigpórsdóttir og Friðrik Steinn Friðriksson



Fuglar í skóginum

Þrjú skógargögn sem vinna saman í skógarrrýminu.

- Bakki þar má koma fyrir matarbita fyrir fugla.
- Skjólgrind þar sem má fylgjast með fuglalífi og bakkanum þannig að lítið fari fyrir.
- Bekkur sem rúmar getur 3, þannig að skjólgrind virkar eins og háseti.
- Spegill sem endurspeglar umhverfið á sveigðan hátt.



Efniskennd:

- Ytri hringur staura á grind er ryðgaður sem kallast á við náttúrulega efniskennd skógarins en innri hringur á grind er í björtum lit með sléttri áferð (polyhúð) sem á að vísa í að vera í manngerðu skjóli í skóginum.

- Spegilsléttar skálar spegla skógin og endurkasta ljósi.

Innsetningar í skógræktina - Staðsetningar

